

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	24.01.20
Málalykill	00.94
Mál nr.	2001383



Garðabær

b.t. Gunnars Einarssonar

Reykjavík, 20. janúar 2020

Garðatorgi 7

210 Garðabæ

Efni: Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga

Í reglugerð nr. 1248/2018 um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga kemur fram að öll sveitarfélög skuli gera húsnæðisáætlun til fjögurra ára í senn og þær skuli uppfærðar árlega með tilliti til breytinga og þróunar sem orðið hafa á forsendum hennar á milli ára. Fram kemur að sveitarfélög skuli skila uppfærðum húsnæðisáætlunum til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) eigi síðar en **1. mars ár hvert**.

Húsnæðisáætlun Garðabæjar – Þörf á uppfærslu

Við yfirferð á nýjstu útgáfu húsnæðisáætlunar Garðabæjar metur HMS þörf á að uppfæra eða bæta inn neðangreindum upplýsingum fyrir næstu skil þann 1. mars:

- Þörf er fyrir upplýsingar um framboð leiguhúsnæðis og stöðu biðlista eftir leiguhúsnæði í eigu sveitarfélagsins (sjá flokkun hér að neðan).
- Fara þarf heildstætt yfir húsnæðisáætlunina og uppfæra þær upplýsingar sem hafa tekið breytingum frá síðustu útgáfu.

Í skýrslu um stöðu og þróun húsnæðismála sem lögð var fram á Húsnæðisþingi ársins 2019 var í fyrsta sinn birt heildstætt mat á húsnæðisþörf hér á landi sem byggði á útgefnum húsnæðisáætlunum sveitarfélaga. Í skýrslunni er íbúðaðþörf fyrir landið í heild brotin niður eftir landsvæðum ásamt því að greind er þörf ólíkra félagshópa og tegund þess húsnæðis sem helst er þörf fyrir. Frá árinu 2017 hefur HMS unnið að því að aðstoða sveitarfélög landsins við gerð húsnæðisáætlana. Frá þeim tíma hefur verið lögð áhersla á að fá fram samræmdar upplýsingar frá öllum sveitarfélögum er varða húsnæðismál, þannig að auðvelda megi mat á húsnæðisþörf næstu ára fyrir einstaka landssvæði sem og fyrir landið í heild. Við uppfærslu á næstu útgáfu húsnæðisáætlunar vill HMS leggja áherslu á að eftirfarandi upplýsingar komi fram með skýrum hætti;

Húsnæðisáætlanir - Grunnupplýsingar

- Fjöldi leiguíbúða í eigu sveitarfélaga (greina niður á fjölda félagslegra leiguíbúða, leiguíbúðir aldraðra, leiguíbúðir fatlaðra, aðrar leiguíbúðir).

- Biðlistar eftir leiguhúsnæði í eigu sveitarfélaga (greint niður á biðlista eftir félagslegu húsnæði, sértæku húsnæði fyrir fatlaða, húsnæði fyrir aldraða, öðru leiguhúsnæði).
- Stutt umfjöllun um helstu áskoranir í húsnæðismálum í sveitarfélaginu í nútíð og nánustu framtíð.


Sem dæmi um áskoranir sem mikilvægt er að komi fram:

- Kemur hár byggingakostnaður í veg fyrir byggingu nýrra íbúða?
- Er fyrirsjáanleg þörf á auknu framboði íbúða fyrir aldraða vegna fjölgunar eldri íbúa?
- Hefur skortur á íbúðarhúsnæði hamlandi áhrif á uppbyggingu atvinnulífs í sveitarfélaginu?

HMS vill hvetja sveitarfélögin að horfa til ofangreindra þátta í uppfærslum sínum á húsnæðisáætlunum og ennfremur benda þeim á að styðjast við fyrirmynd af húsnæðisáætlun sem finna má á heimasíðu HMS¹.

Tengiliður HMS vegna vinnslu við gerð húsnæðisáætlunar er Einar Þorvaldur Eyjólfsson og má nálgast allar frekari upplýsingar í gegnum tölvupóstfangið ainar.eyjolfsson@hms.is

Virðingarfyllt,



¹ https://www.hms.is/media/6550/husnaedisaaetlun_utgafa1.pdf